

Góðan daginn.

Byrja á að þakka kærlega góð og áhugaverð erindi hér fyrr í dag. Það er mikill heiður að fá að vera í pallborði með fyrirtækjum sem eru svona framarlega í umhverfismálum og öll vottuð, en við erum líka að hugsa um umhverfið.

Hótelin okkar tvö Radisson SAS Hótel Saga og Park Inn Island vinna samkvæmt reglum og leiðbeiningum Rezidor SAS móðurfélagsins um “Responsible business”, eða ábyrgan rekstur.

Ábyrgan rekstur gagnvart 7 lykilhópum, eða stakeholders, sem eru starfsfólk, gestir, eigendur, birgjar og viðskiptafélagar, samfélagið, ríkisvaldið og umhverfið.

Við setjum upp mælanleg markmið gagnvart þessum 7 hópum og yfirförum reglulega. Þessi markmið eru sett inn í viðskiptaáætlun okkar árlega, og þar sem við tilheyrum alþjóðlegum hótélkeðjum er áætlunin yfirfarin og samþykkt ef hún stenst kröfur og sýnir metnað á milli ára.

Það er til nokkuð gott þjálfunarþrógramm fyrir starfsmenn hjá Rezidor SAS, og allir starfsmenn fara í gegn um það og í reglulega upprifjun.

Við skilum einnig inn niðurstöðutölum um magn sorps sem við skilum frá okkur, orku- og vatnsnotkun og ýmislegt annað og fáum sambærilegar tölur frá öðrum hótélum í keðjunum sem gerir okkur kleift að sjá hvar við stöndum miðað við þau- við berum okkur saman við lönd sem eru svipuð okkur.

Við eigum í þessum skýrslum að sýna fram á sparnað árlega, með minni orku- og vatnsnotkun, og auka hlutfall flokkaðs sorps, og með þessu lækka rekstrarkostnað. Við getum þarna líka skoðað hlut utanaðkomandi þátta, og svo þeirra sem við höfum áhrif á- og búið okkur til aðgerðaráætlun ef eitthvað er ekki eins og á að vera.

Við lifum ekki alveg í hinum fullkomna heimi og okkar helsta áskorun er að fá starfsmenn í lið með okkur. Þrátt fyrir þjálfun, góðar merkingar, þrábeiðnir um að allir séu meðvitaðir um umhverfið er allt of stór hluti sem er hreinlega alveg sama. Við erum núna að auka enn fræðslu og leiðbeiningar fyrir starfsmenn sem og auðveldara aðgengi að ymisskonar flokkun svo þeir geti verið virkir og vonandi stefnir allt í rétta átt. Fulltrúi okkar sat umhverfismálafund í Danmörku nú í apríl, þar sem fram kom að kollegar okkar dönsku áttu við sama vandamál að stríða. Þar komu upp umræður um hvernig væri hægt að vekja meiri áhuga á umhverfismálum, hreinlega gera þau meira sexý!

Ýmsar hugmyndir komu fram eins og í stað þess að merkja sorpfötur með lit yrðu settar myndir af fallegu frægu fólki, Julia Roberts fyrir pappír, George Clooney f. lífrænan úrgang o.s.frv.

Hvort sem við förum út í þá sálma eða ekki er umhverfismeðvitund nauðsynleg hjá öllum, fyrst og fremst vegna komandi kynslóða, og líka í atvinnugrein eins og okkar þar sem gífurleg orku- og vatnsnotkun á sér stað og mikið sorp safnast saman. Við erum fyrst og fremst að kynna Ísland, því fátt er um gesti sem koma sérstaklega til að gista á hótelnunum okkar því miður, og ef við hugsum ekki um umhverfið held ég að okkar rekstur væri ekki beisinn.

Það eru fáein hótél í okkar keðjum umhverfisvottuð, þetta hefur ekki verið sett upp sem krafa þar sem hótelin eru víða um heim og mismunandi umhverfismerkingar ráðandi og mismunandi aðstæður. Í bili stundum við ábyrgan rekstur gangvart okkar 7 stakeholders, og við erum klár á því að það borgar sig.

Takk.